

Bifreiðastjórafélagið Frami veitir undanþáguna eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum Frama og umsjónarnefnd, ef þeir óska þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis sem umsjónarnefnd hefur stöðvað.

16. gr.

Atvinnuleyfin gilda þar til leyfishafar verða 75 ára og skulu þeir leggja leyfi sín inn fyrir 1. júlí næsta ár. Umsjónarnefnd skal í samráði við Frama og viðkomandi bifreiðastöðvar, koma á reglubundinni læknisskoðun og hæfnispröfun fyrir leigubifreiðastjóra. Þeir sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem umsjónarnefnd leigubifreiða setur, missa réttindi til atvinnuaksturs.

17. gr.

Bifreiðastjórafélagið Frami skal halda skrá yfir veittar undanþágur í aðgengilegu formi, sem umsjónarnefnd skal eiga aðgang að.

18. gr.

Umsjónarnefnd sker úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. Úrskurðum þeirra má vísa til samgönguráðuneytisins.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Gildistaka ákvæðis 2. gr. um merki frestast um 6 mánuði. Gildistaka ákvæða 16. gr. hvað varðar aldursmörk, frestast um 3 ár frá útgáfu reglugerðar þessarar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð 320, 7. maí 1983 með síðari breytingum nr. 244, 1984.

Samgönguráðuneytið, 2. júlí 1985.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Landspítala.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

Gjöld:

Ýmis kostnaður, prentun o.fl.	kr.	85 650,00
Styrkveitingar 1984	—	2 616 000,00
Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr.	—	750 000,00
Tekjur lagðar v/höfuðstól	—	1 046 548,14

Samtals kr. 4 498 198,14

Tekjur:

Arður af hlutabréfum E.Í.	kr.	1 368,00
Samúðarskeyti Landsímans	kr. 3 241 081,74	
÷ 15% til F.Í.S.	— 486 172,26	
		— 2 754 909,48
Vaxtatekjur og verðbætur		— 1 741 920,66
		<u>Samtals kr. 4 498 198,14</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikningi	kr.	136 923,41
Innstæða á bankareikningum	—	9 125 144,14
Spariskírteini 1. fl. 74C 1136—40	kr. 2 500	
Spariskírteini 1. fl. 75C 10461—65	— 2 500	
Spariskírteini 1. fl. 76C 1363—92	— 15 000	
		— 20 000,00
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	—	13 680,00
Áfallnir vextir af spariskírteinum	—	5 984,54
		<u>Samtals kr. 9 301 732,09</u>

Skuldir:

Til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrra ári	kr. 2 285 000,00	
af tekjum 1984	— 750 000,00	
		kr. 3 035 000,00
Höfuðstóll 1. jan. 1984	kr. 5 211 063,95	
+ jöfnunarbréf E.Í.	— 9 120,00	
Lagt v/höfuðstól 31. des. 1984	— 1 046 548,14	
		— 6 266 732,09
		<u>Samtals kr. 9 301 732,09</u>

Athugasemd:

Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs eru færð á nafnverði.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands er verðgildi bréfanna 31. des. 1984 pr. kr. 100 sem hér segir:

1.fl.74 kr. 6 115,26

1.fl.75 kr. 4 980,98

1.fl.76 kr. 3 555,72

Verðtrygging verður tekjufærð við innlausn skírteinanna vegna skiptingar milli höfuðstóls og fjár til ráðstöfunar skv. 5. gr. skipulagsskrár.

Reykjavík, 20. janúar 1985.

María Sigurðardóttir.

Vottað:

Ólöf Pétursdóttir.

Vilborg Gunnarsdóttir.